

## Tillaga 2

Flokkur fólksins leggur til að notkun leigubíla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verði eingöngu í undantekningartilfellum.

### *Greinargerð:*

Leigubílanotkun er afar misjöfn eftir sviðum. Ef tekið er árið 2020 (fyrir COVID) er velferðarsvið hástökkvari í leigubílanotkun með 35.171.154 kr. Af þessu má draga þá ályktun að velferðarsvið hlýtur að verða að fara að skoða hvort ekki sé hægt að taka færri leigubíla. Finna þarf aðrar leiðir til að koma starfsfólki milli staða í þeim tilfellum sem þess þarf, öðruvísi en að notast við rándýran ferðamáta eins og leigubíla. Meirihlutinn í borgarstjórnar hefur linnulaust hvatt borgarbúa til að hjóla eða taka strætó og slíkt ætti allt eins að eiga við borgarstarfsmenn.

Flokkur fólksins spurðist fyrir um leigubílakostnað starfsmanna borgarinnar í maí 2022. Ástæða fyrirspurnarinnar er að eftir því hefur verið tekið að þegar viðburðir eru á vegum velferðarsviðs má sjá eitthvað starfsfólk koma á leigubíl, stundum nokkrir saman í bíl en stundum einn í bíl.

Í svari frá velferðarsviði er aðeins sundurliðað hve mikill heildarkostnaður var á hvert undirsvið velferðarsviðs og svo tekið dæmi um hvaða ástæður liggja að baki mestum hluta kostnaðarins, þ.e. „Önnur notkun á leigubílum er vegna vitjana á heimili, starfsstaði eða á fundi.“ Ekki er hægt að sundurliða notkunina meira en þetta. Kjörnir fulltrúar verða að hafa nákvæmari upplýsingar til að geta sinnt sínu aðhaldshlutverki. Hvað sem þessu líður er fjárhæðin há sem fer í leigubílakostnað sérstaklega á velferðarsviði. Það er alltaf hægt að réttlæta hvers konar útgjöld með vísan í að “réttir aðilar” hafi gefið grænt ljós vegna þeirra og að almennt séu góðar ástæður fyrir þeim.